

# Skólaráð Naustaskóla

## Fundur 10. desember 2020

Mættir: Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir. Fulltrúar starfsmanna: Arna Ýr Guðmundasóttir, Kolbrún Sigurgeirsdóttir, Inga Vala Magnúsdóttir..  
Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Anna Rósa Halldórsdóttir, (Rósa María Rúnarsdóttir var fjarverandi). Fundurinn fór fram í gegn um fjarfundarforritið Teams.

### Dagskrá og afgreiðslur:

#### **1. Skólaráðsfundir.**

Vegna aðstæðna í skólanum í skólabyrjun og aðstæðna í samfélaginu vegna corona vírusins hefur skólaráð ekki fundað fyrir en nú í desember. Einnig hefur verið um veikindaforföll að ræða hjá nefndarmönnum. Ákveðið að hafa framvegis fundi í skólaráði á fimmtudagsmorgnum kl. 8:10. Breyting á fundartíma á að gera nemendum kleift að sitja fundi skólaráðs. Mikilvægt er að kynna efni fundanna fyrir nemendum með góðum fyrirvara og leitast við að valdefla nemendur betur á þann hátt. unda þarf með nemendaráði og fá það til að tilnefna fulltrúa sína í skólaráð.

#### **2. Endurmenntunaráætlun Naustaskóla og Þróunarverkefnið Læsi fyrir lífið**

Áherslur verða áfram á teymiskennslu og jákvæðan aga og að auka sjálfstæði nemenda í námi með fjölbreyttum kennsluáferðum. Megináhersla verður lögð á Læsi og kennarar takak nú þátt í þróunarverkefni á mið- og unglingastigi með MSHA.

#### **3. Innleiðing á nýrri menntastefnu Akureyrarbæjar**

Nú í haust hófst innleiðing og kynning á nýrri menntastefnu Akureyrarbæjar hjá stjórnendum grunnskólanna. Áhersla hefur verið lögð á innra mat grunnskólanna. Naustaskóli hefur sinnt innra mati á hverju vori en nú verður tekið upp nýtt verkefni sem unnið er með ráðgjafa frá Tröppu. Búið er að skipa í gæðaráð innan skólans og skoða verklag innra mats upp á nýtt út frá gátlistum og viðmiðum nýju menntastefnunnar. Áfram verður unnið í þessum málaflokk það sem eftir lifir vetrar. Einnig munu ráðgjafar Tröppu koma í heimsókn og gera mat á kennsluháttum

#### **4. Skólahald á covid tímum.**

Frá því um miðjan október hefur skólahald verið skert í skólum landsins vegna aðgerða sóttvarnalæknis. Í Naustaskóla hefur ekki verið kennsla í verk- og listgreinum þess vegna ásamt því að við sjáum okkur ekki fært að úti fullum skóladegi hjá öllum stigum skólans. Unglingadeildin mætir nú í þrjár kennslustundir eftir hádegi og fær eina kennslustund f.h á fjarfundi. Miðstigið er í skólanum frá 8:20 til kl. 12 og yngsta stigið er frá kl. 8:10 til kl. 12:30. Ekki er hægt að gefa nemendum á mið og unglingastigi að borða sökum fjöldatakmarkana og fjarlægðarmarkana. Einnig nýtum við alla hugsanlega neyðarinnnganga til þess að koma í veg fyrir að nemendahópar skarist. Verk – og listgreinar ásamt íþróttum og sundi eru ekki kenndar við þessar aðstæður. Kennarar þessara námsgreina kenna inni á svæðum og fylla upp í tíma umsjónarkennara þegar þeirra kennsluskylda er búin – einnig kenna þeir verk – og listgreinar og íþróttir inni í sínum hópum.

Næsti fundur ákveðinn 14. janúar kl. 8:10.

Bryndís Björnsdóttir ritaði fundargerð